

Mánudaginn 9. marz 1964.

Nr. 31/1964. **Landsbanki Íslands**
 gegn
Sigurbirni Eiríkssyni.

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
 og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr
 og Theodór B. Lindal.**

Frávisunarkröfu hrundið.

Úrskurður Hæstaréttar.

Á bæjarþingi Reykjavíkur var stefnda hinn 2. október 1963 dæmt að greiða áfrýjanda kr. 1.925.000.00 ásamt vöxtum og málskostnaði, og var dómur bæjarþings birtur stefnda hinn 7. s. m. Áfrýjandi hófst síðan handa um fullnustu dómsins, og var fjárnám gert í ýmsum eignum stefnda að kröfu áfrýjanda. Hinn 31. október 1963 tók Björn Sveinbjörnsson, settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, í fógetadómi fyrir beiðni áfrýjanda í bréfi 29. s. m. um, „að haldið verði áfram fjárnámi í eignum“ stefnda „til tryggingar fjárnámskröfunum“, þeim er að framan greinir. Stefndi kom fyrir dóminn og vísaði á til fjárnáms nokkra lausafjarmuni og svo jörðina Álfsnes í Kjalarneshreppi „með öllum gögnum og gæðum, er hann kveðst eiga, þótt ekki sé þinglýst eignarheimild“ hans. Lýsti fógeti fjárnámi í eignum þessum til tryggingar kröfum áfrýjanda. Á uppboðsþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu, er háð var að Álfsnesi hinn 14. febrúar 1964, var fyrir tekið, m. a. samkvæmt kröfu áfrýjanda, „að halda nauðungaruppboð á jörðinni Álfsnesi, sem talin er eign“ stefnda. Stefndi sýndi þá á þinginu áfrýjunarleyfi og áfrýjunarstefnu, er út hafði verið gefin sama dag, þar sem hann áfrýjar til Hæstaréttar fjárnámssgerð þeirri frá 31. október 1963, er áður greinir, og var þingfestingardagur þess áfrýjunarmáls í stefnunni ákveðinn 1. maí 1964. Að sögn áfrýjanda var umboðsmanni hans á þinginu fengið í hendur endurrit áfrýjunarstefnunnar, og lýsti umboðsmaðurinn þegar gagnáfrýjun á fjárnámssgerðinni af hendi áfrýjanda.

Nauðungaruppboðinu var því næst frestað. Áfrýjandi skaut fjárnámsgerðinni síðan til Hæstaréttar með stefnu 18. f. m. til þingfestingar 2. þ. m. án þess að fá áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962, enda skirskotaði hann í áfrýjunarstefnu sinni til ákvæða 3. mgr. sömu lagagreinar um heimild til gagnáfrýjunar máls. Er áfrýjunarmál þetta hafði verið þingfest í Hæstarétti greindan dag, fór umboðsmaður áfrýjanda þess á leit, að málinu yrði „frestað til flutnings eftir nánari ákvörðun réttarins“. Umboðsmaður stefnda krafðist hins vegar frávísunar málsins frá Hæstarétti og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Kröfu sína um frávísun styður stefndi þeim rökum, að á áfrýjuninni séu þeir annmarkar, 1) að nöfn „stefnenda, framkvæmdastjóra Landsbanka Íslands, eru eigi tilgreind í stefnunni“, svo sem skylt sé að lögum, og 2) að „sérstaks áfrýjunarleyfis hefur eigi verið aflað“.

Um 1. Í áfrýjunarstefnunni tjá „framkvæmdastjórar Landsbanka Íslands í Reykjavík“ sig þurfa „fyrir hönd Landsbanka Íslands að gagnáfrýja“ málinu til Hæstaréttar. Þykir áfrýjandi með þessum hætti nægilega greindur, sbr. 2. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 57/1962.

Um 2. Stefndi sýndi á uppboðsþingi hinn 14. f. m. og kynnti með þeim hætti, er áður greinir, áfrýjunarstefnu af sinni hendi. Þó að áfrýjunarfrestur samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 væri þá liðinn, mátti áfrýjandi eftir ákvæðum 3. mgr. sömu lagagreinar gagnáfrýja málinu á næstu þremur vikum án sérstaks áfrýjunarleyfis. Áfrýjunarstefna áfrýjanda var gefin út 18. f. m., svo sem getið var, og birt stefnda 24. s. m. Er því fullnægt skilyrðum laga til áfrýjunar máls þessa án sérstaks áfrýjunarleyfis.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, eru haldlaus rök þau, er stefndi hefur flutt fram til stuðnings kröfu sinni um frávísun, og verður henni því ekki sinnt.

Ályktarorð:

Framangreind frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.